

Skýrsla Reykjanésanga flutt á landsfundinum 1986

Við viljum byrja á því að gera grein fyrir húsnæðismálum angans, en þau hafa reynst okkur erfið eins og svo mörgum öðrum. Þegar síðasti landsfundur var haldinn var Kvennalistinn í Reykjaneskjördæmi til húsa að Reykjavíkurvegi 16 í Hafnarfirði. Í lok árs 1985 var okkur sagt upp húsnæðinu. Okkur tókst ekki að útvega annað húsnæði í kjördæminu í bráð. Við fengum þá inni í einu risherbergi á Víkinni og bjuggum þar í góðu sambýli við Reykjavíkurkonur fram á vor. Í maí sl. tóku Hafnarfjarðarkonur á leigu húsnæði að Austurgötu 47 í Hafnarfirði, vegna framboðsstarfsins þar, svo og að sjálfsögðu fyrir angann. Því miður er þetta húsnæði fremur lélegt og urðum við að mála það hátt og lágt og hreinsa út ýmsa óværu áður en það varð nothæft. Eins og heyra má höfum við orðið að eyða dýrmætum kröftum og tíma í flutninga og þrif á kostnað annarra mikilvægra starfa fyrir Kvennalistann. En húsnæðislausar vildum við ekki vera.

Viðvera hófst að Austurgötu 47 þann 16. september og er skrifstofan opin á þriðjudögum kl. 17-18.30. Félagskonur skiptast á um að sitja vaktina.

Þegar við vorum að rifja upp alla þessa flutninga, rákum við okkur ennþá einu sinni á hinn óþolandí vitahring sem konur, og reyndar margir karlar líka, búa við en það er að litlir peningar leiða af sér mikla vinnu, sem leiðir af sér að við getum ekki sinnt baráttumálunum fyrir betri kjörum og lífi en það leiðir aftur af sér litla peninga.

Félagsfundir voru haldnir um það bil einu sinni í mánuði. 6 voru haldnir í Hafnarfirði, einn í Reykjavík, einn í Keflavík og einn í Mosfellssveit. Fella varð einn félagsfund niður sem halda átti í Mosfellssveit, vegna óveðurs sem gekk yfir um miðjan marsmánuð.

Dagskrá fundanna var mismunandi. Þó fór alltaf dágóður tími í sömu atriðin t.d. að miðla upplýsingum og að fá konur til starfa í nefndum, en það hefur gengið misvel.

Vert er að minnast á einn fastan lið sem hefur verið á öllum fundunum. Það er liður sem enginn vill missa af en það eru þingfréttir. Þingkonar okkur, Kristín Halldórsdóttir leysir þá frá skjóðunni og upplýsir fundargesti á léttan og skemmtilegan hátt um það helsta sem er að gerast á þingi hverju sinni. Skapast þá stundum umræður sem við vonum að Kristín hafi eitthvert gagn af.

Mæting á fundina hefur verið misjöfn, á bilinu 11-20 konur.

Framkvæmdanefndarfundir voru haldnir a.m.k. tvívar í mánuði, ýmist í Hafnarfirði, Kópavogi eða Reykjavík. Ótaldir eru þá allir símafundirnir. Verkefni framkvæmdanefndar hafa einkum verið að undirbúa félagsfundi og sjá um húsnæðismálin og halda félagsstarfi angans gangandi. Einn fulltrúi úr framkvæmdanefndinni situr í framkvæmdaráði Samtakanna.

Strax upp úr áramótum mótaðist starf angans að mestu af vœtanlegum bæjar- og sveitarstjórnrarkosningum. Konur í Kópavogi og Hafnarfirði íhuguðu framboð til bæjarstjórnar Ákveðið var að kynna sér mál vel og ræða þau áður en til ákvörðunar kæmi. Lesnar voru fundargerðarbækur og skýrslur alls konar, setnir bæjarstjórnarfundir og síðast en ekki síst fundað og málin rædd fram og aftur. Í Kópavogi var síðan tekin sú ákvörðun að bjóða ekki fram, m.a. vegna þess að hin svokölluðu mjúku mál í Kópavogi virtust hænufeti á undan þar en í flestum öðrum bæjarfélögum og félagsþjónustan góð miðað við víðast annars staðar.

Konur í Hafnarfirði tóku hins vegar þá ákvörðun að bjóða fram. Knýjandi þörf til að fá málum breytt til betri vegar rak þær áfram í þrotlausa vinnu. Verkefnin voru óendanleg. Það reyndist auðvelt að koma saman lista en það var nú rétt aðeins byrjunin. Húsnæði vantaði, það fékkst, en það kostaði mikla vinnu að koma því í viðunandi ástand. Stefnumálin, hver voru þau? Hafist var handa við móturn stefnuskrár í bæjarmálum og hinu myndarlegasta riti dreift á fjölmennum kynningarfundum þann 12. maí. Kvennalistinn var svo til óþekkt stærð meðal Hafnfirðinga, svo að ekki veitti af nokkurri kynningu. Gefin voru út tvö blöð, útbúin ótal dreifirit og ungum kjósendum send "spor", kveðjukort til að vísa þeim veginn. Hvert tækifæri sem gafst var gripið til að koma stefnumálunum á framfæri. Ótal vinnustaðarfundir voru haldnir síðustu dagana með tilheyrandi dreifitilburðum og aðgerðum út um allan bæ. Ákosningadaginn var rjúkandi kaffi og

"bakkelsi" fram á kvöld. En allt kom fyrir ekki, árangur baráttunnar varð aðeins 331 atkvæði eða 4,5 % greiddra atkvæða og enginn fulltrúi í bæjarstjórn. Hvað gerðist? Ýmsar skýringar eru fyrir hendi, en trúlega réðu þó mestu mjög óvenjulegar kringumstæður í Hafnarfirði, þ.e. 8 framboð. Einnig sú staðreynd að Kvennalistinn var mjög lítið þekkt afl í Hafnarfirði. Hafnarfjarðarkonur stóðu við þann ásetning sinn að heyja jákvæða kosningabaráttu. Þær hlutu nýja og dýrmæta reynslu og án efa hefur kvennabaráttunni miðað spor áleiðis með þessu framboði þó áhrifin séu ef til vill lítt merkjanleg. Hafnfirðingar vita þó af Kvennalistanum í dag.

Í febrúar var haldinn félagsfundur í Keflavík þar sem aðalefni fundarins var "framboð til sveitastjórnarkosninga". Þar voru ræddar almennt ýmsar hliðar á Kvennistaframboðum. Ekki vitum við til þess að þessi mál hafi verið rædd á fleiri stöðum í kjördæminu en í Kópavogi, Hafnarfirði og svo á umræddum fundi í Keflavík.

Kvennalistinn á Reykjanesi á fulltrúa í ýmsum nefndum og starfshópum á vegum Samtakanna, m.a. í framkvæmdaráði, ritnefnd Veru, ritnefnd fréttabréfsins, stefnuskrárnefnd, landsfundanefnd o.fl. og hafa konur skipst á að starfa í þessum nefndum. Fulltrúi Kvennalistans í miðstöð Friðarhreyfingar ísl. kvenna er úr Reykjanesi.

Konum í Reykjanesanga var falið að sjá um 3ja ára afmæli Samtakanna. Þótti við hæfi að þar sem um þriggja ára afmæli var að ræða að halda veglegt barnaafmæli með súkkulaði, rjómatertum og innanhússskreytingum. Mikil fundahöld voru vegna borgarstjórnarkosninganna um þær mundir er halda átti afmælið, var því ákveðið að halda það í lok annasams stefnuskrárvinnudags á Víkinni 15. mars kl. 15-17.

Kvennalistakonur í Reykjanesanga stóðu fyrir tveimur mjög svo fróðlegum og merkum atvinnumálaráðstefnum á haustdögum. Báru þær báðar yfirschriftina - Atvinnumál með sérstöku tilliti til kvenna -. Tilgangur þeirra var að vekja athygli á hlutdeild kvenna í atvinnulífinu og auka virkni og frumkvæði þeirra við stefnumótun í atvinnumálum.

Fyrri ráðstefnan var haldin í Keflavík, þann 6. sept. sl. Ráðstefnan var auglýst í blöðum og í útvarpi. Einnig voru send bréf til allra fyrirtækja og stofnana á Suðurnesjum. Milli 40 og 50 konur sóttu ráðstefnuna og þótti hún takast

mjög vel.

Síðari ráðstefnan var haldin í Hafnarfirði, þann 18. okt. sl. Sú ráðstefna var ekki auglýst eins mikið og hin fyrri vegna mikils kostnaðar sem því fylgir. Aðeins um 20 konur sóttu ráðstefnuna og var það miður því að þarna voru á ferðinni frábærir fyrirlesarar (flestar konur) og margar athyglisverðar hugmyndir komu fram.

Frá því í byrjun september hefur verið unnið að tillögum Reykjanесangans að kosningastefnuskrá Kvennalistans. Á fyrsta fundi tókum við afstöðu til þess hvort við ættum að endurskoða fyrstu stefnuskrá Kvennalistans eða setja saman tillögur að sérstakri kosningastefnuskrá og völdum við seinni kostinn. Samt sem áður kom fram sú skoðun að þarf t væri að yfirfara fyrstu stefnuskrána og gera þar nokkrar lagfæringar.

Fundir ovru nánast vikulega og ýmiss vinna fór fram þar á milli. Nokkuð góð mæting var á fundina og var viða komið við í umræðum um hin ýmsu mál. Eins og svo oft áður var mikið rætt um kjör kvenna heima og heiman. Við ákváðum hins vegar að einbeita okkur að þrem málauflokkum sem eru skólamál, atvinnumál og efnahagsmál.

Kennararnir okkar úr Hafnarfirði hafa nú þegar skilað samantekt um skólamálin og tillögur okkar í atvinnu- og efnahagsmálum eru í vinnslu, en þær eru langt komnar.

Það er óhætt að segja að þrátt fyrir ýmsar annir á haustmánuðum eins og ráðstefnuhald og undirbúning Landsfundar þá hafi stefnuskrárvinnan verið fastur og gagnlegur þáttur í starfi angans undanfarið.

Laugardaginn 1. nóv. sl. var haldinn félagsfundur í Reykjanесanga þar sem framboðsmálin voru rædd. Hjá öllum fundarkonum kom fram mikill og einlægur vilji fyrir því að bjóða fram þótt hjá nokkrum konum gætti efasemda um það, að hægt yrði að fá konur almennt til að taka nógu mikinn þátt í þeirri miklu vinnu sem framundan er. Við atkvæðagreiðslu voru þó allar hendur á lofti og framboð samþykkt með lófaklappi. Í framhaldi af því var rætt, hvernig staðið skyldi að uppstillingu á lista og ákveðið að kanna meðal félagskvenna hvaða konur þær vildu sjá á framboðslistanum okkar. Jafnframt var valin uppstillingarnefnd sem mun sjá um framkvæmd könnunarinnar. Að lokum mun félagsfundur taka endanlega ákvörðun um framboðslistann.

Þegar litið er yfir liðin ár getum við spurt okkur: Hafðum við getað gert e-ð meira og betur. Hefðum við frekar átt að eyða kröftum okkar í eitthvað annað en félagsfundi o.s.frv. Þeim spurningum svörum við ekki hér og nú, en í áframhaldandi starfi er nauðsynlegt að meta af fenginni reynslu í hvaða störf mikilvægast er að beina þeim starfskröftum sem við höfum á að skipa - á hvern hátt nýta megi krafta okkar sem best í hinu pólitískra starfi þannig að það verði konum raunverulega til góðs.

Framkvæmdanefndin í Reykjanесanga.